

# Lög

## um breytingu á lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum (viðaukar og reglugerðarheimild).

### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

- Í stað orðanna „smitsjúkdóm, sem tilgreindur er í viðaukum 1A og 1B með lögum þessum“ í 1. másl. 2. mgr. kemur: tilkynningarskyldan sjúkdóm, sbr. reglugerð skv. 2. mgr. 7. gr.
- Í stað orðanna „sem tilgreindur er í viðauka 2“ í 3. mgr. kemur: sem er skráningarskyldur sjúkdómur, sbr. reglugerð skv. 2. mgr. 7. gr.

### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

- Í stað orðanna „sem tilgreindir eru í viðaukum 1A og 1B“ kemur: sem eru tilkynningarskyldir, sbr. reglugerð skv. 2. mgr.
- Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:  
Ráðherra skal setja reglugerð um flokkun smitsjúkdóma. Þar skal tilgreina hvaða sjúkdómar eru tilkynningarskyldir og hvaða sjúkdómar eru skráningarskyldir. Þá skal flokka tilkynningarskylda sjúkdóma í alvarlega sjúkdóma eða aðra sjúkdóma, eftir því sem við á.

### 3. gr.

Í stað orðanna „þeirra dýrasjúkdóma sem taldir eru upp í viðaukum 1A, 1B og 2“ í 1. másl. 8. gr. laganna kemur: tilkynningarskyldra og skráningarskyldra sjúkdóma, sbr. reglugerð skv. 2. mgr. 7. gr.

### 4. gr.

Í stað orðanna „sjúkdómum sem taldir eru upp í viðauka 1A með lögum þessum“ í 1. másl. 17. gr. laganna kemur: alvarlegum tilkynningarskyldum sjúkdómum sem taldir eru upp í reglugerð ráðherra skv. 2. mgr. 7. gr.

5. gr.

Í stað orðanna „taldir eru upp í viðauka 1A“ í 18. gr. laganna kemur: alvarlegum tilkynningarskyldum sjúkdómum sem taldir eru upp í reglugerð ráðherra skv. 2. mgr. 7. gr.

6. gr.

Viðaukar 1A, 1B og 2 við löginn falla brott.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 20. janúar 2014.*